



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
9. árgangur
Desember 2007

Gleðileg jól!



Kröfugerð SGS

Sameining samþykkt


Þing og ársfundir

Verðlaunakrossgáta

Różne informacje

ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ

Miscellaneous information



ils.is

Allt sem þú þarft á að halda til að fara í greiðslumat og sækja um lán hjá Íbúðalánasjóði.

**Grænt númer
800 6969**

Þú getur hringt í þjónustuverið alla virka daga milli kl. 8 og 17.

Íbúðalánasjóður er til aðstoðar

Netsamtal

Nú er hægt að komast í beint samband við ráðgjafa Íbúðalánasjóðs með því að smella á **Netsamtal á ils.is** alla virka daga milli kl. 8 og 17.

Reiknaðu dæmið til enda og finndu bestu lánasamsetninguna fyrir þig. Þú finnur reiknivélarnar á **ils.is**.

Fyrirspurn í tölvupósti

Þú getur líka sent okkur fyrirspurn í tölvupósti hvenær sem er á netfangið **fyrirspurn@ils.is**.

Við svörum þér eigi síðar en næsta virka dag.

Hafðu samband við okkur.

Við tökum vel á móti þér.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla



Íbúðalánasjóður



GEIMSTOFAN



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

STAPI, lífeyrissjóður, er sameinaður lífeyrissjóður Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands.

Markmið sjóðsins:

- hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga
- bjóða upp á lífeyrisréttindi eins og þau gerast best
- veita sjóðfélögum góða þjónustu á sviði eftirlauna- og lífeyristrygginga

Stapi stendur með þér!

**Útgefandi: Eining-löja**

Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

**Umsjón, textagerð
og prófarkalestur:**

Fremri Almannatengsl,
Þórsstíg 4, Akureyri.
Sími: 461 3666
Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar:

Ingvi Vaclav Alfredsson,
Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Auglýsingar:

P. J. auglýsinga-
og markaðsþjónusta.
Símar 566 8262 & 861 8262.
Bréfasími 566 8236.
Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd:

Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið.

Efnisyfirlit

- 6** Afgerandi úrslit - 95% sögðu já
- 6** Launahækkanir um áramót
- 8** Lágmarkslaun verði 165.000 í samningslok
- 9** Vetrarleiga orlofshúsanna
- 10** Samtaka - Hugleiðing Péturs Björgvins
- 12** Orlofsferðir Einingar löðu sumarið 2008
- 12** Desemberuppbót
- 13** Góð dagsferð eldri félaga Einingar-löðu
- 13** Greitt út samkvæmt endurmati
- 14** Matarjól
- 16** Noregsferð Einingar-löðu
- 17** Ferðakvöld - Noregsferð rifjuð upp
- 18** Plastiðjan Bjarg-löðulundur
- 19** Fjölmennt dyravarðanámsskeið
- 20** Fjallaferð Einingar-löðu
- 22** Fjörug ferð
- 23** Þing og ársfundur verkalýðshreyfingarinnar
- 24** Góðir og fjölmennir kynningarfundir
- 24** Konfekt og jólaöndur
- 25** Sjúkrasjóður
- 25** Nýr starfsmaður
- 25** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 26** Rózne informacje
- 28** ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 29** Vegleg gjöf til Sjúkrahúsins á Akureyri
- 30** Miscellaneous information
- 31** Munið eftir námsstyrkjunum!
- 33** Jólakrossgátan
- 34** Verðlaunagetraun





Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is



la Vita è Bella
RISTORANTE

Áramót

hver mánaðamót

Með Vaxtareikningi færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

Vaxtareikningur er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.



Landbankinn

Sameiningarmál

Afgerandi úrslit - 95% sögðu já

Dagana 15., 16. og 19. nóvember sl. fór fram atkvæðagreiðsla um sameiningu einstakra deilda Vöku á Siglufirði við Einingu-löju, Félag byggingamanna Eyjafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Sjómannafélag Eyjafjarðar. Talning atkvæða fór fram þriðjudaginn 20. nóvember. Þó svo þátttaka hafi verið dræm voru úrslitin engu að síður afgerandi, mikill meirihluti sagði já, eða 95%. Kjördeildir voru á fimm stöðum; á Akureyri, Dalvík, Grenivík, Hrísey og Ólafsfirði. Á sama tíma fór fram atkvæðagreiðsla á Siglufirði, 96% þeirra sem tóku þátt sögðu já. Því mun sameiningin taka gildi frá og með 1. janúar 2008.

Vaka mun sameinast fyrrgreindum félögum þannig:

- Almenn deild verkafólks í Vöku sameinast Einingu-löju, um er að ræða rúmlega 360 einstaklinga.
- Byggingamenn innan lðnaðarmannadeildar Vöku sameinast Félagi byggingamanna Eyjafirði.
- Málmíðnaðarmenn innan lðnaðarmannadeildar Vöku sameinast Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri.
- Verslunarmannadeild Vöku sameinast Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.
- Sjómannadeild Vöku sameinast Sjómannafélagi Eyjafjarðar.

Á ársfundi ASÍ skrifuðu formenn fyrrgreindra félaga undir samkomulag um sameiningu með þeim fyrirvara að félagsmenn allra félaganna samþykktu slíka sameiningu í atkvæðagreiðslu, sem nú er yfirstaðin. Atkvæðisrétt höfðu allir þeir sem voru fullgildir félagar í fyrrgreindum félögum þann 1. nóvember sl.

Samhliða sameiningaratkvæðagreiðslunni fór fram atkvæðagreiðsla á meðal félagsmanna Einingar-löju um breytingar á lögum félagsins og reglugerð um svæðisfulltrúa, en þeim þurfti að breyta vegna sameiningarinnar. Annars vegar var um að ræða fjölgun í stjórn félagsins um einn og hins vegar um fjölgun svæðisfulltrúa úr fjórum í fimm. Þar var niðurstaðan sú sama, mikill meirihluti sagði já. Ný lög taka gildi frá og með 1. janúar 2008.

Félögin skuldbinda sig einnig til að reka sameiginlega þjónustuskrifstofu á Siglufirði sem yrði mönnuð a.m.k. einum starfsmanni í 75% starfshlutfalli. Eining-löja mun sjá um rekstur hennar, en hann verður fjármagnaður í hlutfalli við stærð einstakra deilda og félaga. Núverandi starfsmaður Vöku, Margrét Jónsdóttir, mun halda áfram starfi sínu með öllum réttindum og skyldum.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, sagði er úrslit atkvæðagreiðslunnar lágu fyrir að hann væri mjög ánægður með niðurstöðuna. „Ég vil byrja á að bjóða Siglufirðinga velkomna í félagið. Þessi sameining er einungis



til bóta fyrir félagsmenn, stærri og öflugari félög eru til dæmis betur í stakk búin til að þjónusta þá betur. Hver veit, kannski verður þetta fyrsta skrefið í enn stærri sameiningu á Eyjafjarðarsvæðinu síðar meir? Ef eitt félagið hefði felt sameininguna þá hefði samningurinn fallið úr gildi. Ég er því mjög ánægður með þessa afgerandi niðurstöðu hjá félagsmönnum okkar.“

Þann 1. janúar 2008 taka félögin við réttindum og skyldum Vöku skamkvæmt eftirfarandi uppgjörsreglu:

- Allar eignir og skuldir Vöku og allra sjóða félagsins skulu metnar til raunvirðis, miðað við 31.12. 2007.
- Deilt skal í heildareignir samkvæmt. a-lið með félagsmannatölu Vöku miðað við 31.12. 2006 og þannig fundnar eignir pr. félagsmann.
- Viðtakandi félög taka við eignum Vöku í samræmi við þann fjölda félagsmanna sem færast til hvers og eins hinna viðtakandi félaga.

Launahækkanir um áramót

Laun félagsmanna Einingar-löju, sem vinna eftir samningi SGS og launanefndar sveitarfélaga, eiga að hækka um 3% um næstu áramót en þeir sem fá greitt samkvæmt samningi við ríkisvaldið eiga að hækka um 2%. Laun starfsmanna Norðurorku hækka um 2,25%. Samningar eru lausir um áramótin hjá þeim sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði eftir samningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands. Þegar þetta er ritað standa yfir viðræður um nýjan samning og því ekki vitað um hækkanir um næstu áramót.





Jóla- og nýárskveðja



Eining-Iðja sendir félagsmönnum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Eining-Iðja přeje svým členům veselé Vánoce a šťastný nový rok a děkuje za společně prožité chvíle v uplynulém roce.

Eining-Iðja desea a sus socios los mejores deseos para estas Navidades y un próspero año nuevo y les agradece por el año que se acaba.

Eining-Iðja sender alla sine foreningsmedlemmer ønske om en glædelig jul og et godt nytår med tak for alle henvendelser i løbet af året.

สหภาพฯ Eining-Iðja ขออวยพร ให้ สมาชิกทุกท่าน และ ครอบครัว จงประสบแต่ความสุขและ โชคดี ใน วันคริสต์มาส และ ปีใหม่นี้ และ ขอขอบคุณที่ให้ความสัมพันธ์ที่ดีตลอดปีที่ผ่านมา.

Профсоюзная организация Eining-Iðja поздравляет всех членов организации с Новогодними и Рождественскими праздниками и благодарит за успешное сотрудничество в уходящем году.

Związek zawodowy Eining-Iðja życzy swoim członkom wesółych i spokojnych Świąt Bożego Narodzenia oraz szczęśliwego Nowego Roku.

Eining-Iðja wishes his members a merry Christmas and a happy New Year! Thanks everybody for the good contact in the past year.

Eining-Iðja wünscht allen seinen Mitgliedern ein frohes Weihnachtsfest und alles Gute für das kommende Jahr. Vielen Dank für die gute Zusammenarbeit.

บุคคลที่มีอาชีพเกี่ยวข้องกับงานปลา – งานหั่น, แลหรือตกแต่งปลาสด

ความรู้เป็นสมบัติอันล้ำค่า

คณะกรรมการส่งเสริมการศึกษาสำหรับพนักงาน ที่มีอาชีพเกี่ยวข้องกับงานปลา (Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar) ได้จัดให้มีการอบรมขั้นพื้นฐานสำหรับ ผู้มีอาชีพเกี่ยวกับงานปลา, พนักงานโรงงานปลาป่น และ พนักงานของสถานีเพาะเลี้ยงปลา

การอบรมรวมทั้งสิ้น 40 ชั่วโมง หลักสูตรการอบรมได้แก่ การปฏิบัติตัววัดอุณหภูมิ, การรักษาความสะอาด และการเกิดเชื้อแบคทีเรีย การดูแลภายในสถานที่, ขั้นตอนระบบงานปลา และวิธีการตัดแต่งปลา, การตลาด, งานด้านความสัมพันธ์ระหว่างมนุษย์กับเครื่องยนต, ความปลอดภัย, สัญญาการว่าจ้าง, ส่งเสริมความเชื่อมั่นในตัวเอง, การปฐมพยาบาลขั้นพื้นฐาน, ความรู้เกี่ยวกับความหลากหลายของวัฒนธรรม, การมีมนุษยสัมพันธ์ และปัญหาสิ่งแวดล้อม

พนักงานผู้ใดที่เข้ารับการอบรม ก็จะได้รับพิจารณาขึ้นเงินเดือน และจะได้รับใบรับรองอาชีพ เป็นผู้ชำนาญด้านงานปลา

หากท่านสนใจในการอบรมนี้ กรุณาติดต่อเพื่อขอทราบข้อมูล

หากท่านกำลังคิดเกี่ยวกับการศึกษาหาความรู้เพิ่มเติม กรุณาติดต่อเพื่อขอทราบข้อมูล



Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
หมายเลขโทรศัพท์ 545 8300 แฟกซ์ 562 1853 อีเมล hulda@hafro.is

คณะกรรมการส่งเสริมการศึกษาสำหรับพนักงาน ที่มีอาชีพเกี่ยวข้องกับงานปลา อยู่ภายใต้การดูแลของกระทรวงทรัพยากรทางทะเล มีหน้าที่ดูแลการจัดการ ด้านการศึกษาอบรมสำหรับพนักงานที่ทำงานเกี่ยวกับงานปลาทุกประเภท ผู้สรรหาคณะกรรมการได้แก่ กระทรวงฯ, สมาคมส่งเสริมอาชีพ ประเทศไอซ์แลนด์ และ สมาคมนายจ้าง

Lágmarkslaun verði kr. 165.000 í samningslok



STARFSGREINASAMBANDIÐ (SGS) leggur til að lágmarks tekjutrygging í dagvinnu hækki úr 125.000 krónum í 150.000 krónur um næstu áramót og í 165.000 krónur 1. janúar 2009. Þá er þess krafist að allir launataxtar sambandsins hækki hinn 1. janúar nk. um 20 þúsund krónur og aftur um 15.000 krónur 1. janúar 2009. Einnig að laun hækki almennt um 4% um næstu áramót og svo aftur um 4% 1. janúar 2009.

Viðræðunefnd SGS lagði fram kröfur sínar á fundi með Samtökum atvinnulífsins (SA) miðvikudaginn 28. nóvember sl. Í kröfugerðinni segir að sérstaklega verði hugað að þeim sem setið hafa eftir í launaþróun frá endurskoðun kjarasamninga 2006 og einnig er gert er ráð fyrir aðkomu ríkisvaldsins að kjarasamningunum með aðgerðum í

velferðar- og skattamálum í þágu þeirra sem hafa lág laun og miðlungslaun. Samkvæmt kröfugerðinni er gert ráð fyrir að samið verði til tveggja ára með skýrum forsenduákvæðum, þannig að mögulegt verði að segja upp launaliðum samningsins eftir eitt ár.

Hógvær kröfugerð - enginn afsláttur

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju og varaformaður SGS, telur að kröfugerðin sé hógvær. „Við munum standa á henni því þessi kröfugerð er ekki gerð til þess að gefa eftir. Við leggjum hana fram í trausti þess að við séum að fara inn í tíma með lækkanði verðbólgu en í henni er krafa um uppsagnarákvæði ef verðbólga fer úr böndunum og einnig ef aðrir hópar koma til með að semja um meira.“



Kröfugerðin lögð fram.



Gleðileg jól

Þökkum samskiptin
á árinu sem er að líða.



Strandgötu 3 · Sími 440 2370
www.sjova.is

Björn segir að helsti munur á kröfum SGS og áherslum Samtaka atvinnulífsins sé að SA geri ekki ráð fyrir neinni almennri launahækkun. Það sé hins vegar samhljómur um ýmsa aðra hluti. „SA hefur viðrað hugmynd um launaþróunartryggingu en í henni felst ákveðið endurmat á fortíðinni, þ.e. þróun launa frá júlí 2006 þegar síðast var samið um hækkun lágmarkslauna.

Aðild ríkisvaldsins að samningagerðinni mun skipta miklu máli, þar erum við til dæmis að tala um þætti eins og breytingar í skattamálum, aðgerðir í húsnæðismálum og barnabætur,” segir Björn.

Kröfugerðina í heild sinni má lesa á vef Einingar-löju, www.ein.is

Kíkið á www.ein.is

Vetrarleiga orlofshúsanna

Félagsmönnum Einingar-löju standa til boða fjórir góðir valkostir í orlofsmálum utan hins hefðbundna orlofstíma. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit og Svignaskarði í Borgarfirði, auk fimm orlofsíbúða félagsins í Reykjavík.

Haust- og vetrarleigan nær yfir tímabilið frá 15. september og stendur til 1. júní.

Verðskrá

Illugastaðir, Tjarnargerði og Svignaskarð

Víkuleiga er kr. 16.000 og helgarleiga kr. 10.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur. Heitir pottar eru við öll hús félagsins.

Öryrkjar og ellilífeyrisþegar greiða kr. 6.000 fyrir þrjár nætur í miðri viku á þessum stöðum.

Vert er að benda á að á Illugastöðum á Eining-löju eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri, en lyklar að húsum á Illugastöðum og Svignaskarði eru afhentir í þjónustumiðstöðvum svæðanna.

Reykjavík

Íbúðir í Reykjavík leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúð sem leigist eftir þörfum. Þrjár íbúðir eru í Ljósheimum, ein á Grensásvegi og ein á Kleppsvegi. Víkuleiga er kr. 16.000, en sólarhringsleiga sjúkraíbúðar er kr. 2.500.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið ein@ein.is



Frá Illugastöðum.

Impra nýsköpunarmiðstöð - í þína þágu

Vantar þig aðstoð við að:

- stofna fyrirtæki?
- hrinda hugmynd í framkvæmd?
- gera viðskiptaáætlun?
- leita fjármögnunar?

Ef svo er vill Impra nýsköpunarmiðstöð á löntæknistofnun vekja athygli þína á handleiðslu fyrir frumkvöðla.

Þjónustan stendur öllum til boða án kostnaðar. Handleiðsla getur hentað einstaklingum og fyrirtækjum í öllum starfsgreinum.

Nánari upplýsingar um handleiðslu og önnur stuðningsverkefni eru veittar hjá Impru nýsköpunarmiðstöð í síma 462 1700 og 570 7100, eða á heimasíðu Impru á www.impra.is



Impra nýsköpunarmiðstöð
löntæknistofnun
Borgum v/Norðurlóð
600 Akureyri
Sími 460 7970
Netfang: sigurdurs@iti.is

Menntasmiðjan
Akureyri

Menntasmiðja unga fólksins:

1. Vorönn hefst um miðjan janúar 2008.

Alþjóðastofa:

1. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga.
2. Ráðgjöf og þjónusta.

Endur- og símenntunarnámskeið.

*

Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,

Rósenborg v/Skólastíg

Sími 460 1233

www.menntasmidjan.is

Samtaka?

- Hugleiðing Péturs Björgvins Þorsteinssonar, djákna í Gleráarkirkju, um jólatilfinninguna



Pétur Björgvin
Þorsteinsson.

Sæll og blessaður, kæri vinur. Mikið er gaman að sjá þig. Er þetta ekki yndislegur tími, fleiri og fleiri búnir að skreyta. Ég var einmitt að ljúka við að setja upp nýju seríuna á stóra tréið í garðinum hjá mér. Gengur annars ekki bara vel hjá ykkur? Hvernig hafa börnin þín það? Bið að heilsa mömmu þinni. Heyrðu, nú bara verð ég að þjóta, við ætlum að hittast hérna nokkrir félagarnir og fá okkur jólakakó, þú skilur! Gaman að sjá þig. Blessaður. Heyrðu, já og kíktu endilega við tækifæri, þú veist hvar mig er að finna!

Þar með var hann þotinn, gamli vinurinn. Eftir stóð ég í miðri göngugötunni og mér fannst hún allt í einu svo napurleg, það var eins og jólaskreytingarnar og ljósin hefðu gufað upp. Skrítið hvernig orðflaumur getur stundum virkað eins og kaldur norðangarri þó að orðin séu vel meint. En þegar pásurnar vantar á milli orðanna, tíminn svo knappt skammtaður að engin leið er að bregðast við því sem sagt er, er eins og hlýjan sé tekin úr orðunum. Og sá sem verður fyrir slíkum norðangarra stendur jafnvel steinrunninn eftir. Þannig var það með mig þetta desembersíðdeg. Ég var sem frosinn. Lítil hönd sem togaði í mig vakti mig aftur og hjálpaði mér inn í hinn jólaveruleikann: „Komdu, þabbi, við ætlum að kaupa jólagjöf handa ömmu.“

Sjálfur hef ég verið í báðum hlutverkum þó það hafi þá verið um sitt hvor jölin. Kannski þekkir þú líka sjálfa þig, sjálfan þig, í þessum sporum? Ég velti því fyrir mér hvernig á því stendur að við erum fljót að detta í hitt hlutverkið. Við vitum öll að aðstæður okkar eru mismunandi og áhyggjurnar og gleðiefnin jafn fjölbreytt og við mannfólkið. En samt upplifum við okkur stundum í hlutverki þess sem skilinn er eftir úti í kuldanum um leið og við getum hafa átt það til að vera einstaklingurinn sem jafnvel í einskærri gleði yfir velgengni og tilhlökkun til gleðilegrar samverustundar

valtar yfir manneskju sem á þeirri stundu er ekki hluti af tilhlökkunarpakkanum okkar.

Veruleiki fyrstu jólanna var lítið, afskekkt fjárhús í Betlehem. María og Jósef máttu hrósa happi yfir að hafa fundið þak yfir höfuðið þessa nótt og að dýrin í fjárhúsinu voru betri en besta kynding á þeim tíma. Gleðin var einlæg í hjörtum fjárhirðanna sem komu og veittu nýfæddu barninu lotningu sína. Á sama hátt var gleði vitringanna sem færðu nýfæddum konungi gjafir sönn. Þrátt fyrir að menningarheimur, veruleiki vitringanna, væri annar en fjárhirðanna þá sameinuðust þessir tveir hópar í lofgjörð til Jesúbarnsins. Og þar skipti ekki máli að jólaskrautið vantaði, að ekki hafði verið gerð sérstök jólahreingerning. Það sem skipti máli var að orðin sem voru sögð, framkoman sem var sýnd og brosið sem var gefið áttu upptök sín í hjartahlýju og kærleika. Nokkuð sem við ættum að geta tekið okkur til fyrirmyndar, alltaf, ekki bara í annað hvert skipti. Og hver veit nema að einmitt þá öðlumst við dýpri skilning á orðum Valdimars Briem:

*Vér undirtökum englasöng, og nú finnst oss ei nóttin löng.
Vér fögnum komu frelsarans, vér erum systkin orðin hans.*

Það er bæn mín að okkur öllum gangi betur að átta okkur á þeim samtakamætti sem við búum yfir ef við gefum okkur tíma, setjum okkur í spor annarra og sköpum í sameiningu samfélag þar sem enginn er skilinn eftir úti í kuldanum. Það gerist ekki með því að einn hjálpi öðrum, heldur með því að við tökum höndum saman sem systkin. Jólatilfinningin á ekki að vera sú að ef ég ligg á götunni hjálpir þú mér að standa upp, heldur að af því að við tökum höndum saman getum við bæði staðið. Þá erum við samtaka.



Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár



**Sjómannafélag
Eyjafjarðar**
www.sjoey.is



www.sib.is



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR
www.vsfk.is



Krossanesi • S: 460 7200
www.laxa.is



KARTÖFLUSALAN
Fjölnisgötu 2b • 603 Akureyri
Sími 462 5800 • Fax 461 2571



HÚSASMÍÐJAN
Lönsbakka, 601 Akureyri
www.husasmidjan.is



ENDURVINNSLAN HF
Khamaragí 4 · Pósthólf 4012 · 104 Reykjavík
Sími 468 8630 · Síðisímanúmer 468 8630
www.endurvinnslan.is



Skeljungur hf.
www.shell.is

Plastprent hf.
1957 - 2007



www.eflinghf.is



HYRNA ehf
BYGGINGAVERKTAKI · TRÉSMÍÐJA
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 461 2603 · Fax 461 2604

Stál heildsala
Zinkhúðun
Stálsmiði
Sandblástur & Málmhúðun
www.sandblastur.is

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLÖKKI
www.ms.is



KEA HOTEL
www.keahotels.is

netto
www.netto.is

Síminn
siminn.is

Marel
Höfðabakka 9 • Reykjavík • Sími: 563 8000
www.marel.is



www.kjoris.is



VERSLU OG VEITINGARJÓNUSTA
sími: 461 3700 • fax: 461 3701
www.lostaeti.is • lostaeti@lostaeti.is

**LJÓSGJAFINN
SIEMENS**

Glerárgötu 34 • Sími 460 7788
www.ljosgjafinn.is



Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.
Sími 466 1140 • Fax 466 3114

Landsvirkjun
www.lv.is

NÓI SÍRÍUS
www.noi.is



VM
Félag vélvæðinga
og málmeðferðarmanna



Félag hársnyrtisveina
fhf@f.is



FRÍÐRIK V
BRASSERIE
www.fridrikv.is



VÖRUBÆR
HÚSBAGNAVERSLUN

www.vorubaer.is

Orlofsferðir Einingar-löðu sumarið 2008

Belgía, Luxemborg, Þýskaland og Holland



Farið verður til Belgíu, Luxemborgar, Þýskalands og Hollands dagana 5. til 15. júní 2008, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. Flogið frá Keflavík til Amsterdam í Hollandi, þaðan verður ekið til Belgíu og gist þar í tvær nætur. Brussel skoðuð, þaðan farið til Luxemborgar og gist eina nótt. Síðan farið til Bremm í Móseldal, þar sem gist verður í fjórar nætur, en farið verður í dagsferðir frá gististaðnum t.d. til Trier, Koblenz og Cochem. Að lokum verður farið til Amsterdam og gist þar

síðustu þrjár næturnar. Flogið heim til Keflavíkur frá Amsterdam.

Gisting: Í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Verð kr. 117.000 á mann miðað við gengi 5. nóvember 2007.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 10.000.

Dregnir verða 18 orlofsþingir frá punktaðgengni þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík - Amsterdam - Keflavík.
- Gisting: 10 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- Þrír kvöldverðir í Móseldal.
- Eitt kvöld lifandi kvöldtónlist.
- Vinsmökkun.

Hólmavík, Strandir, Snæfjallaströnd og Reykjanes

Fjögurra daga síðsumarsferð verður farin til Hólmavíkur um Strandir, Snæfjallaströnd og um Reykjanesið 11. til 14. ágúst nk., ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns.

Farið verður á fyrsta degi til Hólmavíkur og gist þar allar næturnar. Á öðrum degi verður farið út í Ingólfsfjörð og á þriðja degi verður farið út Snæfjallaströnd og um Reykjanesið. Á fjórða degi verður ekið heim á ný.

Ferðin kostar kr. 18.000 á mann og innifalið er allur akstur, svefnþoka-gisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nesti sig sjálft.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 5.000.

Sauðárkrúkur, Blönduós og Varmahlíð

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löðu-félaga verður farin laugardaginn 21. júní nk. Farið verður vestur í Skagafjörð þar sem snæddur verður hádegisverður á Sauðárkrúki. Þaðan verður farið yfir Þverárfjall og til Blönduóss. Á heimleiðinni verður drukkið kaffi í Varmahlíð. – Ferðin kostar kr. 3.000 á mann.



Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, og í síma 460 3600 frá 3. janúar 2008.

Desemberuppbót



Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launaneftnd sveitarfélaga er **kr. 61.520**, en sam-

kvæmt samningum Einingar-löðu við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er hún **kr. 41.800**.

Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppbót greidda 1. desember, starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember og starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda í desember, samanber viðkomandi kjarasamning.

Góð dagsferð eldri félaga Einingar-löju

Árleg dagsferð eldri félaga Einingar-löju var farin laugardaginn 18. ágúst sl. Mjög góð þátttaka var í ferðinni, á annað hundrað manns, sem farin var í blíðskaparveðri og tókst alveg frábærlega.

Ekið var austur í Mývatnssveit og að Kröflu. Því næst voru Jarðböðin skoðuð, en þaðan var ekið í Reynihlíð þar sem hádegisverður var snæddur. Að loknum hádegisverði var haldið til Húsavíkur og Hvalasafnið skoðað. Í bakaleiðinni var komið við á Illugastöðum og drukkið síðdegiskaffi.

Fleiri myndir úr ferðinni má finna í myndasafninu á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Greitt út samkvæmt endurmati

Akureyrarbær greiddi út þann 15. nóvember sl. fyrsta hluta leiðréttingar vegna endurmats starfsmats sveitarfélaga sem er nýlokið. Þar var um að ræða endurmat á störfum sem metin voru í lok ársins 2004.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, fór sama dag og færði starfsmönnum starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar konfekt að gjöf fyrir frábær störf og sagðist vita að mikill vinna hefði farið í að reikna út þessa leiðréttingu fyrir hvern og einn starfsmann. „Ég vona að þið fáið aukinn kraft á ný eftir að þið hafið smakkað á konfektinu. Það er frábært að þið hafið náð að borga þetta út í dag.“

Langir vinnudagar

Halla Margrét Tryggvadóttir, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar, neitaði því ekki að undanfarið hefðu vinnudagarnir verið ansi langir. „Við erum búin að leggja mikið á okkur til að ná þessu takmarki að borga þetta út í dag, en sú vinna skilar sér öll til baka. Vegna frágangsvinnu starfsmatsnefndarinnar var ekki hægt að láta starfsmenn vita um þetta fyrirfram svo þetta kom eflaust

mörgum þeirra ánægjulega á óvart í morgun. Ég var ekki við þegar Björn kom með konfekt, en starfsfólkið var mjög ánægt með að fá slíkan þakklætisvott.“



Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, færði starfsmönnum starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar konfekt að gjöf fyrir frábær störf.

Matarjól



Hjá Kjarnafæði eru framleidd milli 75 og 80 tonn af hangikjöti fyrir þessi jól. Þar af verða um fimm tonn af svokölluðu Húskarahangikjöti, tvíreyktu hangikjöti, sem gjarnan er borðað hrátt, bara látið hanga á góðum stað og skammtað af því kjötflisum til gesta og gangandi. Vinsældir Húskarahangikjötsins hafa verið að aukast mikið undanfarin ár og hefur það verið til sölu árið um kring í Jóláhúsinu í Eyjafjarðarsveit. Þá eru framleidd milli 20 og 25 tonn af hamborgarhrygg fyrir jólin og sala á magál eykst alltaf fyrir jól.

Sænsk jölapylsa

Í fyrra var bryddað upp á þeirri nýlundu að bjóða landsmönnum Sænska jölapylsu til að auka fjölbreytnina á jölaborðinu. Jölapylsa er gömul hefð hjá Svíum og var uppskriftin fengin þaðan. Viðbrögðin voru framar vonum og sló Sænska jölapylsan í gegn að sögn Auðjóns Guðmundssonar, markaðsstjóra hjá Kjarnafæði.

„Jólaverslunin er komin vel af stað og verslanir byrja jafnvel í lok október að panta jölamatinn. Það eykst líka stöðugt að fyrirtæki fái hangilæri eða hamborgarhryggi til að setja í jölapakka starfsfólks. Þegar kemur fram í desember er það orðið kapphlaup að hafa upp í pantanir,“ segir Auðjón.

Matur úr héraði

Kjarnafæði er aðili að félagskapnum „Matur úr héraði“ sem ætlað er að standa vörð um norðlenska matarmenningu og „auka hróður eyfirskrar matarmenningar sem víðast um heiminn,“ eins og segir á heimasíðu félagsins. Taðreykt hangikjöt er ramm-

norðlenskt fyrirbæri og hangikjötið hjá Kjarnafæði er eingöngu reykt með taði.

Um 130 manns starfa hjá Kjarnafæði að jafnaði og þar af eru um 80 félagar í Einingu-löðu.



Tilvonandi jölasteikur - í bakgrunni.



Ófeigur Ásgeirsson snyrtir hangilærin.



Auðjón markaðsstjóri sker flís af Húskarahangikjöti.



Watchara Otharit (Denni) og Bergþóra Sveinsdóttir.



Fannar Hólm og Friðrik Magnússon taka glaðbeittir til pantanir.




Guðjón og Sigurvin við reykofninn.



Alexandra, María Myrna og Frimann Karlsson setja hangilærin í plast.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Noregsferð Einingar-Iðju

1. til 11. júní 2007 – Skrásetjari Anna Lilja Stefánsdóttir



Anna Lilja Stefánsdóttir.

1. júní

Hálftíma yfir miðnætti var lagt af stað frá Akureyri með rosinni rútu frá Tanna Travel. Í Staðarskála var stoppað til að fá sér hressingu og yl í kroppinn því frekar kalt var í rútunni. Áfram var haldið og á Keflavíkurflugvelli bættust fleiri í hópinn. Við fórum í loftið kl. 9:30 og lentum í Bergen um kl. 14 að staðartíma í 18 stiga hita. Á flugvellinum þurfti að bíða lengi eftir rútu til að keyra okkur á Hótel Ágústín en Svenni var ókominn. Við vorum öll fegin að komast á leiðarenda eftir langt ferðalag og eftir að hafa fengið að borða fóru flestir að hvíla sig.

2. júní

Alskýjað, þurrt og hlýtt. Mjög góður morgunverður á hótelinu. Einn úr hópnum veiktist um nóttina og fór á sjúkrahús. Sigurbjörg leiðsögumaður fór með honum, svo að við urðum að vera án hennar. Nú var Svenni kominn með rútuna, hafði komið með Norrænu. Við fengum Regínu Vernharðsdóttur, sem býr í Noregi en er frá Akureyri, til að fara með okkur að skoða hús tónskáldsins Grieg og heyra sögu hans.

Fórum svo á Bryggen, en þar eru hús frá tímum Hansakaupmanna og í Akva-rietsafn, sem er mjög fjölbreytt dýrasafn. Þar eru fiskar, selir, krókódílar, mörgæsir og margt fleira. Eftir það var frjálst tími. Við fórum nokkur á kínverskan matsölustað og borðuðum mjög góðan mat.



3. júní

Farið frá hótelinu kl. 10 og sá sóttur sem fór á sjúkrahúsið, hann var útskrifaður en hafði týnt skónum! Sem betur fór átti hann aðra skó.

Haldið í norður áleiðis til Dale. Ekið með smástoppum til Gulen en þar er Gulatinget sem talið er fyrirmynd Alþingis Íslendinga á Þingvöllum. Þarna er mjög fallegt og sérkennilegt landslag. Áfram haldið til Hyllestad en þar er stærsta kvarn-

steinsnám í Evrópu. Þar var hægt að fá kvöldmat; þurrkað og saltað kjöt í þunnum sneiðum og ein ófleysjuð kartafla. Þetta var borið fram á pappadiskum, án hnífapara og þurfti því að bíta í og naga. Sumir fóru í sjoppu og fengu sér hamborgara. Áfram var haldið í norður og gist í þremur húsum í Dale, á slóðum Ingólfs Arnarsonar.

4. júní

Mjög gott veður, sól og hiti. Skoðuðum listamannasetur sem íslensk kona, Elísabet Gunnarsdóttir, stýrir. Ingimar Harðarson spilaði nokkur lög á harmonikkum sem þarna var. Eftir hádegi var farið með ferju yfir til Riverdal og þaðan gengið að bautasteini Ingólfs Arnarsonar, en þar er líka stytta af honum.

Til baka var farið með ferju til Dale og að lokinni siglingu snæddum við kjötsúpu í bakaríinu. Að lokum var þorpið skoðað, en þarna voru framleiddar sildartunnur fyrir Íslendinga á sildarárunum.

5. júní

Eftir aðra nóttina í Dale var farið inn með Dalsfirði, alveg inn í botn, og svo meðfram ánni Gaula. Stoppað við tvo fossa til að mynda og rétta úr sér. Síðan farið upp á Gaularfjall þar sem snjór var við veginn og djúp snjögöng á parti. Við fórum niður brattan og hlykkjóttan veg sem líkist helst gamla Vaðlaheiðarveginum.

Að lokum var ekið til Balestrand og gist þar á hóteli sem var mjög gamalt að hluta. Þar voru margir mjög fallegir útskornir munir. Við fórum á fjölbreytt og gott hlaðborð. Nokkrir Íslendingar voru að vinna þarna.

6. júní

Veðrið lék við okkur sem fyrr, logn og léttskýjað. Eftir morgunmat skoðuðum við gallerí sem var rétt við hótelið. Eigandinn sagði okkur sögu þess og konan hans, sem er málari, sýndi okkur fallegar myndir og söng fyrir okkur.

Hluti hópsins fór svo með ferju að skoða jöklasafn og lét mjög vel af því. Þeir sem ekki fóru skoðuðu bæinn, bæði gangandi og akandi með Svenna.



7. júní

Við lögðum stað frá Balestrand kl.10 og fórum með ferju yfir Sognsfjörð til Hella og áfram til Fodnes og í gegnum göng til Lordal. Þá var farið í gegnum önnur göng, 24,5 km löng til Flåm. Þar var farið í Flåmsbanes, járnbrautarlest sem fór upp í 866 m hæð með stórkostlegu útsýni. Hitinn var orðinn 30 gráður þegar við komum til baka.

Nú var farið til Stabheim, en þangað var mjög brattur og krókottur vegur. Útsýnið þar var afar fallegt og stórbrotið og þar var borðuð fiskisúpa. Við skoðuðum m.a. skotgröf frá stríðsárunum og síðan var haldið til Voss þar sem við gistum.

8. júní

Í Voss hófst dagurinn með því að fara niður að vatninu þar sem við skoðuðum okkur um. Kirkjan var lokuð svo við sáu hana bara að utan. Síðan fórum við meðfram Granvinvatni og Harðangursfirði og yfir hengibrú sem var byggð árið 1937. Brúin var einbreið og umferðinni stýrt með ljósum.

Það stóð til að skoða safn þar sem sagt var að kennt væri að smíða „gamla“ báta en safnið var þá lokað. Næst var stoppað við Steinsdalsfoss og gengið upp að honum og sumir fóru á bak við hann. Nú var hitinn orðinn 28 gráður.

Á leiðinni til Bergen var skoðuð stafkirkja í einkaeigu. Hún hafði verið endurbyggð eftir bruna 1992 og a.m.k. 2.500 ljósmyndir voru notaðar við endurgerðina svo að kirkjan yrði sem líkust gömlu byggingunni. Að lokum komum við á hótél í Bergen eftir smá vegvillur.

9. júní

Frjáls dagur í Bergen. Stutt var frá hótelinu niður að Bryggen og þar var ýmislegt að skoða, Mariukirkjan og Hákonarhöll, iðandi mannlíf við höfnina og margt fleira. Um kvöldið fóru allir saman í kvöldmat og fyrir valinu varð hlaðborð, því óvída var hægt að fá mat fyrir svona stóran hóp. Eftir matinn var keyrt um borgina og hún skoðuð. Þá var rútan kvödd því hún átti að fara í Norrænu morguninn eftir.



10. júní

Dagurinn byrjaði með gönguferð um nágrennið, því nú vorum við rútulaus. Síðan fórum við upp í sporvagn sem gengur upp á Floyen, fjall ofan við Bergen. Þegar upp var komið var mjög fallegt útsýni yfir borgina og ættu allir sem fara til Bergen að fara þangað upp.

Þegar við komum tilbaka var frjáls tími og var hann m.a. notaður til að skoða iðnaðarsafn þar sem var prjónað utan um húsgögn o.fl. Um kvöldið fórum við svo á indverskan matsölustað og fengum þar verulega góðan mat og var salurinn fallega skreyttur indverskum munum.

11. júní

Komið að heimferð. Mæting í afgreiðslu hótelsins kl.11. Norsk rúta keyrði okkur út á flugvöll, þar sem tók við bið. Það var orðið ansi heitt, en allt gekk samt vel. Svo var flogið heim og gott að koma aftur til Íslands, þó hitamunurinn væri nokkuð mikill.

Eftir verslun í friðhöfninni og töskuburð var farið í rútu frá Tanna Travel og nú keyrði Svenni okkur norður. Við stoppuðum í Staðarskála eins og á suðurleiðinni, en svo var haldið áfram til Akureyrar og var þá lokið góðu ferðalagi Einingar-löjufélaga.

Bestu þakkir fyrir góða ferð til Einingar-löju, Björns fararstjóra, Sigurbjargar leiðsögumanns, Sveins bílstjóra, ferðanefndarinnar og allra ferðafélaganna.

Anna Lilja Stefánsdóttir



Ferðakvöld - Noregsferð rifjuð upp

Það var glatt á hjalla þegar flestir sem fóru með í Noregsferð félagsins síðastliðið sumar hittust nýlega í Alþýðuhúsinu og rifjuðu upp ferðina í máli og myndum. Á ferðakvöldinu var m.a. sýnt myndband úr ferðinni sem Ingimar Harðarson var búinn að klippa saman. Fjölmargir komu með myndir sem gengu manna á milli til sýnis og einnig var lesin upp ferðasaga sem Anna Lilja Stefánsdóttir hafði sett á blað.



Plastiðjan Bjarg-löðjulundur

Plastiðjan Bjarg-löðjulundur hefur með höndum starfsendurhæfingu auk þess að vera vinnustaður fólks með skerta starfsgetu. Seint á síðasta ári var skrifað undir tímamótasamkomulag milli Einingar-löðu og Akureyrarbæjar um réttindi og kjör starfsmanna og urðu þeir um leið félagar í Einingu-löðu.

Í kertagerðinni, sem er stór þáttur í framleiðslunni, er mikið að gera fyrir jólin en þar eru framleidd hefðbundin

löðjulundarkerti, jólatrékerti og útikerti í tugþúsundatali. Kertagerðin byggir á gamalli hefð og er að mestu leyti handverk. Löðjulundarkertin eru handdýfð, hvít í grunninn og svo yfirlituð í allt að 10 litum. Ótal handtök eru við kertagerðina og má nefna sem dæmi að framleiðsluferli útikertanna tekur heilan dag og hvert löðjulundarkerti þarf á milli 30 og 40 dýfingar. Í þau er notað innflutt gæðavax en í útikertin er notað endurvinnsluvax og leggur kertagerðar-meistarinn, Jón M. Jónsson, áherslu á mikilvægi innlendrar endurvinnslu en til þess þarf fólk að vera duglegt að skila inn kertaafgöngum til Endurvinnslunnar.

Í Plastiðjunni Bjargi-löðjulundi eru einnig saumuð gæðarúmföt sem eru vinsæl til jólagjafa og þar eru jafnframt búin til leiða- og hurðarskilti. Eftirspurn eftir hurðarskiltum eykst alltaf þegar Pósturinn leggur áherslu á að fólk merki aðsetur sitt áður en pósthóðið byrjar fyrir jólin.

Aðrar framleiðsluvörur eru líka í uppsveiflu, s.s. handprjónaðir vettlingar og rafmagnsvörur. Það ríkir bjartsýni og glaðværð á vinnustaðnum. Þar er líka verslun og þangað er gott að koma.



Hressir og kátir starfsmenn.



Ólafur Tryggvason með útikerti.



María Jónsdóttir að ganga frá prjónavettlingum.



Sæbjörn Jónsson, trúnaðarmaður Einingar-löðu, með hurðaskilti



Jakob Yngvason kerta-dýfingarmeistari.



Verkstjórninn og kertagerðar-meistarinn Jón M. Jónsson.



Heiðar Hjalti Bergsson mundar vaxkönnuna.



Guðmundur Einar Jónsson við útikerta-framleiðslu.



Ólöf Leifsdóttir forstöðumaður og Sigríður Gunnarsdóttir starfsráðgjafi í versluninni.

Fjölmennt dyravarðanámskeið

Eining-löja og Sýslumaðurinn á Akureyri stóðu nýlega fyrir dyra-
varðanámskeiði, sem stóð yfir í 6 kvöld og luku 22 einstaklingar
námskeiðinu. Frá og með síðastliðnum áramótum verða þeir
sem sækja um starf dyravarðar á skemmti- og veitingastöðum
á Akureyri að vera samþykktir af sýslumanni, hafa hreint saka-
vottorð fimm ár aftur í tímann og hafa setið dyravarðanám-
skeið á vegum Einingar-löju.

Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt. Bóklegu tímarnir fóru fram
í Einingar-löjusalnum í Alþýðuhúsinu en verklegar æfingar fóru fram á
slökkvistöðinni.


Farið var yfir fjölmarga þætti sem fylgja starfi dyravarða. Daníel
Guðjónsson yfirlögregluþjónn fjallaði um samskipti dyravarða og
lögreglu, reglugerð um löggæslu á skemmtunum og borgaralega
handtöku. Jónas H. Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður var með
fræðslu um fíkniefni. Jón Ívar Rafnsson, frá Vátryggingarfélagi Íslands,
fór yfir og útskýra það helsta í sambandi við tryggingar í starfi. Björn
Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, fjallaði um réttindi og skyldur



Nýtskrifaðir dyraverðir, ásamt Þorsteini Péturssyni lögreglumanni

starfsmanna sem og vinnuveitenda. Þorsteinn Pétursson lögreglumaður
fór yfir hvernig menn eiga að skoða skilríki og annað sem viðkemur
dyravarðarstarfinu. Hann fjallaði einnig um áfengislög, reglugerð og
leyfi vegna áfengisveitinga og fleira í fjarveru Einars Ingimundarsonar,
fulltrúa sýslumanns.

Jón G. Knutsen slökkviliðsmaður kenndi slyshjálpi, Magnús Arnarsson
slökkviliðsmaður fór yfir brunavarnir og Jón Óðinn Óðinsson júðó-
þjálfari fór í gegnum það hvernig eigi að bera sig við að handtaka
menn.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



 Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI	 LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA Sætni 1 • 105 Reykjavík • Sími 563 6450 Fax 563 6401 • Heimsíða www.ll.is	 EIMSKIP
 BLIKKRÁS EHF ÓSEYRI 16 • 403 AKUREYRI www.blikkras.is	 DNG www.dng.is	 FISKEY www.fiskey.is
 Bústolpi FÓÐUR OG ÁBURÐUR bustolpi.is	 FJÖLTNIR EHF. Fjöltnisgötu 2b • Sími 462 5859	 GÁMARJÓNUSTA NORÐURLANDS EHF. BETT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ www.gamar.is
 SPARISJÓÐUR ÓLAFSFJARÐAR www.spol.is	 GÓLF LAUSNIR MALLAND www.malland.is	 SAMHERJI HF samherji.is
 hnýfill FISKVINNLA • REYKHÚS Óseyri 22 • 4003 Akureyri • Sími 462 17911 • Fax 462 1164	 HAMAR Hafnarbraut 13-15 Kópavogi Sími 564 6062 www.hamar.is	HAFBLIK FISKVERKUN ehf Svalbarðseyri hafblik@simnet.is

Fjallaferð Einingar lðju

9.-12. ágúst 2007 – Skrásetjari Margrét Marvinsdóttir



Margrét Marvinsdóttir.

Þá var enn lagt af stað í ferð með félögum í Einingu-lðju, nú skyldi haldið á hálendið, nánar tiltekið Kerlingarfjöll, Hraunbúðir, Landmannalaugar og Þjórsárdal. Stundvíslega klukkan níu rann rútan af stað frá Skipagötunni, Sveinn bílstjóri að vanda en ekki á réttum bíl og því héldu sumir að skipt hefði verið um bílstjóra. Þeir tóku fljótt gleði sína á ný þegar Sveinn birtist og ekki varð gleðin minni þegar Inga Rósa Þórðardóttir, leiðsögumaður ferðarinnar eins og nokkur undanfarin ár, mætti á svæðið.

Stefnan var tekin vestur, þoka niður í miðjar hliðar en annars prýðisveður. Fyrsti áfangastaður Varmahlíð, síðasta „postulín“ í alfaraleið því nú var stefnan tekin inn Blöndudal. Virkjunin ekki skoðuð í þetta sinn. Ekið upp með lóninu í blíðskaparveðri, þar að með útsýni yfir lónið. Góður staður fyrir hádegishressingu og myndatöku. Einhverjir notuðu tækifærið og létu sig aðeins hverfa á bak við stein. Þaðan áfram Kjalveg, þar sem Reynistaðabræður báru beinin. Inga Rósa sagði sögu þeirra og fleiri munnmælasagnir af þessum slóðum, enda hafsjór af fróðleik eins og venjulega. Þá var haldið til Hveravalla á slóðir Eyvindar og Höllu. Rölt um svæðið, hverir og minjar skoðaðar og teknar fram

nestistöskur, þess notið að fá sér bita í þessu sérstaka umhverfi þótt frekar svalt væri orðið þarna uppundir jökli.

Áfram skal nú haldið á milli Langjökuls og Hofsjökuls í suðurátt. Stoppuðum næst við Gýgjarfoss á slóðinni upp í Kerlingarfjöll. Hann er í ánni Jökulkvísl sem rennur um ótrúlega fallegar klettamyndanir. Þaðan var stefnan tekin uppí Ásgarð, gamla skíðasvæðið í Kerlingarfjöllum, komum þar um klukkan fjögur. Þá var að raða í „Nípunar“ en það eru húsin á svæðinu kölluð. Þegar allir voru búnir að fá svefnpláss var farið í smá skoðunarferð upp í fjöllin þar sem litadýrðin í giljunum er alveg ótrúleg. Vantaði bara smá sólarglennu til að fá skerpu í litina. Á eftir fóru sumir að hvíla sig en aðrir skruppu í heita pottinn í huggulegheit þar sem spjallað var góða stund við franskt þar sem var á ferðalagi um landið og búið að fara ótrúlega víða á hálfum mánuði. Eftir baðið var setið og skrafað góða stund yfir björglasi í veitingasalnum.

Sumir þurftu að þríla uppá hanabjálka og voru misliprir við að koma sér upp, allir voru þó komnir í ró fyrir miðnætti.

Loðmundur og Snækollur

Næsta dag var lagt af stað um klukkan níu og farnar slóðir sem ekki er alvanalegt að fara með ferðahópa, ekinn hálfhringur í kringum Kerlingarfjöllin. Víða fór rútan rétt á gönguhraða og varla það og kusu þá sumir að ganga þar sem ósléttast var. Fjöllin og jöklarnir sýndu sig bara nokkuð vel, þó ekki skini sól á okkur. Kerlingarfjöllin fylgdu okkur frá mismunandi sjónarhornum og litbrigðum, Loðmundur og Snækollur sýndu sig vel.

Ekið var fyrir þverfell og um Illahraun sem var ansi hrjúft og gott var að fá sér göngutúr til að losna við hristinginn smá stund. Þá tók við Setuhraun, en þar var tekið matarstopp. Skammt frá blasti við reisulegur kofi, Setrið, í eigu félags fjarskiptamanna.



Næst var haldið suður Fjórðungssand í áttina að Þjorsá, niður Norðlingaöldu, yfir ána Kisu. Sú lét ekki mikið yfir sér þegar við fórum þar um en getur orðið ansi viðsjárverð. Næst var ekið um Norðurleit að Miklalæk sem var ekki heldur svo mikill, bara falleg, sakleysisleg á í mjög fallegu umhverfi. Þar var tekið smá nestisstopp og þeir sem þess þurftu brugðu sér afsíðis. Áfram lá leiðin niður með Þjorsá þó ekki sæist hún nema af og til. Næst um Flóamannaöldu, yfir Dalsá, niður Gljúfurleit, framhjá Fitjaskógum, með útsýni yfir hið heljarmikla Sultartangelón, uppistöðulón Búrfellsvirkjunar.

Í Hraunbúðum var náttstaður okkar næstu tvær nætur. Stórfinn gististaður fyrir svona hópa. Þegar búið var að koma öllum í herbergi var tekið til við að grilla. Ferðanefndin sá að vanda um grillið, Bjössu og Magga orðin margvön með Kobba með sér. Hanna Dóra sá um að græja allt inni, salöt og áhöld. Þegar allir voru orðnir settir og búið að ganga frá dró maðurinn hennar Ingu Rósu upp gítarinn, en maður og gítar bættust í hópinn við komuna í Hrauneyjar. Það var sungið og trallað fram eftir kvöldi og einstaka náttthrafnar héldu áfram að gaspra góða stund eftir að aðrir voru gengnir til hvílu.

Verslað í gamalli rútu

Hinn þriðja dag var fallegt veður og gott til ferðalaga, sólin glennti sig af og til. Allir voru tilbúnir fyrir daginn um klukkan níu og stefnan tekin á Landmannalaugar. Ekið sem leið lá framhjá Hrauneyjalóni, Sigöldu og Krókslóni. Næst að Ljótapolli. Sá var aldeilis ekki ljótur, djúpbلاغrænn, spegilsléttur vatnsflöturinn ofan í gígnum, litadýrðin í fjöllum allt í kring og útsýni til allra átta. Tungná, Veiðivötn, Skyggfir, Vatnaöldur og Hofsjökull í norður og Landmannalaugar með öll sín litbrigði í fjöllum rétt sunnar.

Að aka inn í dalverpið að skálunum og laugunum er alveg ótrúlega fallegt. Flestir í hópnum fengu sér gönguferð inn í Grænegil, ótrúlega litfagurt þó hæst beri þar græna litinn eins og nafnið bendir til. Einhverjir brugðu sér í heitu laugarnar. Svo var hægt fara að versla í gamalli



rútu heitt kaffi, kakó og ýmislegt matarkyns, svo og margs konar minjagripi.

Eftir 2ja tíma stopp var haldið af stað aftur hina gömlu Landmannaleið um Dómadal, framhjá Loðmundi yfir Sauðaleysur, Sölvahraun, Árskóga og yfir Þjorsá upp að Fossöldu. Þar voru fossarnir Granni og Háifoss skoðaðir. Þaðan var farið niður í Gjána, ákaflega fallega gróðrarvin ofan til í Þjorsárdalnum þar sem Rauðá rennur um dalinn. Þegar komið var niður að Stöng voru gömlu rústirnar skoðaðar í algjöru blíðuveðri. Að síðustu var haldið að Hjálparfossi, sem var alveg jafn fallegur og mig minnti, áður en komið var í náttstaðinn okkar, Hraunbúðir. Þegar allir voru búnir að næra sig var kvöldvaka með gítarspili og söng og síðbúið kvöldrabb.

Ilvolgt og yndislegt

Hraunbúðir voru kvaddar fjórða daginn og stefnan tekin norður á Sprengisandsleið. Ekið var um Þóristungur meðfram Þórisvatni, yfir Köldukvísl um Stóru-Kjalöldu. Þar var stoppað til að mynda, líta á fjallahringinn og jöklana. Ekið næst um Stóraver, Þveröldu, fram hjá Þverölduvatni, fyrir Hnöttóttuöldu og Svörtubotna. Þaðan var tekinn krókur milli Skrokköldu og Rauðkolls upp á Hágöngur þar sem aðeins var hægt að fara fetið, slóðinn mjög grýttur og illfær. Tóku sumir á það ráð aftur að fá sér göngu síðasta spölinn frekar en að hristast í rútunni. Útsýnið þegar upp kom var aldeilis frábært, yfir Hágöngulón með Vatnajökul í bak-



sýn og Hofsjökul aftan við okkur. Sama leið var farin til baka. Hluti hópsins labbaði og fór hraðar yfir en bíllinn.

Áfram var síðan haldið Austurkrók nyrðri, um Kistuöldu. Stefnt á Nýjadal og þar tekið hádegisstopp. Jöklarnir sitt hvorum megin við okkur önduðu virkilega köldu þrátt fyrir glampandi sól.

Begar allir voru mettir og

búnir að fara á wc var ekið í átt til Eyjafjarðardala, framhjá Tómasarhaga, fyrir Fjórðungsöldu og Fjórðungsvatn, yfir bergvatnsskvisl Þjórásar og stefnan tekin til norðvesturs um Bleiksmýrarðrög og Nýjabæjarafrétt.

Tekin var smá krókur í Laugafell. Allmargir í hópnum voru að koma þar í fyrsta sinn, þar á meðal leiðsögukonan okkar, hún Inga Rósa og að mig minnir, bílstjórinn okkar hann Sverni. Laugafell er alveg yndislegur staður, enda ekki margir staðir sem geta státað af ylvolgu wc. Verst var að hafa ekki tíma til að skreppa í laugina, það hefði verið ljúft.

En áfram var haldið yfir Lambalækjardrög og Geldingsárdrög, niður Eyjafjarðardali með Torfahnjúk og Kerlingarhnjúk á aðra hönd, Svínaheiði og Hólaþfall á hina. Vegurinn var ótrúlega stórgrýttur, enda gekk hluti hópsins niður að Eyjafjarðaránni og beið þar eftir bílnum. Brátt var komið að innstu bæjunum, Tjörnum og Hólsgerði, og áfram haldið eftir grösugum og búsældarlegum dalnum á kunnuglegum slóðum. Endaði ferðin á Alþýðuhússplaninu eftir enn eina eftirminnilega og skemmtilega ferð Einingar-löjufélaga. Takk fyrir mig!

Margrét Marvinsdóttir.

Fjörug ferð

Stjórn félagsins ákvað að bjóða öllum sem kosnir eru í trúnaðarstöður hjá félaginu, þ.e.a.s. aðalstjórn, stjórnnum starfsgreinaeilda, svæðisfulltrúum og varamönnum þeirra, trúnaðarráði, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og starfsfólki félagsins, í dagsferð laugardaginn 22. september sl. Alls voru rúmlega 60 manns í ferðinni, af þeim 200 sem var boðið.

